

2. nóvember 2007

Til verkefnisstjórnar vegna 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

## Aherslur Samorku vegna 2. áfanga rammaáætlunar

Samorka telur start verkefnisstjórnarinnar afar mikilvægt og fagnar því ef komast má út úr því umhverfi að hver og ein rannsókn eða framkvæmd verði ávallt tilfærni háværra deilna í samfélaginu. Samorka leggur jafnramt áherslu á mikilvægi þess að þessu starti verði í hlífðna ástunduð fagleg, vönduð vinnubrögð og að jafnvægis verði gætt m.a. við mönnun faghópa. Helstu áherslur og tillögur Samorku til verkefnisstjórnar eru annars þessar:

### A. Skipun í faghópa

- Orku- og veitufyrirtæki hafa átt mjög takmarkaða aðild að hópastartí vegna vinnu við gerð rammaáætlunar. Í 1. áfanga tilnefndi Samorka þrjá af alls 43 fulltrúum og raunar alla þessa þrjá í einn og sama hópinn, faghóp IV um hagkvæmni orkukosta. Hópastartí hefur nú um skeið staðið yfir vegna 2. áfanga rammaáætlunar, en þar má nefna dæmi um það fyrirkomulag að orku- og veitufyrirtækin hafi fengið að tilnefna einn sameiginlegan fulltrúa í hóp þar sem önnur sæti voru skipuð ýmsum aðilum sem draga nafn sitt af náttúruvernd á einn eða annan hátt. Að mati Samorku hefur slíkt fyrirkomulag í för með sér ójafnræði í vinnu faghópanna og mikla einseitni í sköðunum einstaklinga innan þeirra, sem endurspeglast síðan í niðurstöðum þeirra. Hætt er því við að slíkt fyrirkomulag við skipun hópa sé ekki til þess fallið að skapa „þjóðarsätt“ um niðurstöður rammaáætlunar. Á grundvelli fyrri reynslu leggur Samorka því áherslu á að við skipan faghópa tryggi verkefnisstjórn að mismunandi reynsla skili sér í faghópana og að jafnræðis og jafnvægis mismunandi sjónarmiða sé gætt. Þá vill Samorka minna á að innan ræða samtakanna eru fyrirtæki sem koma að verkefni rammaáætlunar úr öllum áttum. Það er því óörkrætt að ætla að einn fulltrúi geti skilað fagþekkingu og reynslu úr þessum öllum fagsviðum fyrirtækja Samorku í vinnu faghópanna.
- A sömu forsendum vill Samorka benda á að út frá jafnræðissjónarmiði hlýtur að teljast eðlilegt að fulltrúar háskóla í 2. áfanga komi frá fleiri háskólum en Háskóla Íslands. Jafnramt að fleiri fagsvið taki þátt í startínum en fagsvið náttúruvísinda, t.d. fagsvið verkfræði eða viðskiptafræði. Slíkt vinnubrögð ættu að stuðla að því að sem flest fagsjónarmið í þjóðfélaginu komi að gerð rammaáætlunar, og hlýtur að styðja markmið áætlunargerðarinnar.
- Samorka bendir á að í startí faghópa eru dæmi þess að formenn þeirra hafi einhliða bætt fulltrúum inn í starfshópin eftir skipan hópsins. Þetta eru að mati Samorku óeðlileg vinnubrögð.
- Loks skal hér bent á mikilvægi þess að faghópunum sé skipaður starfsmáður, til þess að stuðla að skilvirkni í þeirra startí.

**B. Aðferðapróun**

Af fenginni reynslu vill Samorica leggja áherslu á mikilvægi þess að aðferðir og/eda eda verkfæri, sem þróuð eru í starti verkefnisstjórnar, séu hagnýt. Það hlýtur einnig að vera krata að verkfærin séu þess eðlis að aðrir en þeir sem hagnýt þau geti beitt þeim. Gera verður kröfu um hagnytt notkunargildi og gagnsæi þegar verið er að kosta miklu opinberu fjármagn til þróunar slíkra tækja. Loks ber í þessu samhengi að minna á að verið er að vinna að gerð *rammaáætlunar*, og því ekki ástæða til að mælt sé of nákvæmlega fyrir um hvers kyns framkvæmdartriði við mótun slíkra tækja.

**C. Úrvinsla á tillögum/níðurstöðum faghopa**

Samorica leggur á það áherslu að verkefnisstjórn séji sér þá vinnureglu að skipa ekki einstaklinga úr eigin röðum í faghopa og að einstakir aðilar úr verkefnisstjórn eda faghopum taki ekki að sér í verktöku framkvæmd hugsanleggra verkefna sem þar er lagður að grunnur. Þessi tillaga byggir á fenginni reynslu, en Samorica telur það mjög áhættusvert vinnubrögð þegar framkvæmdarverkefni upp á tugi milljóna króna voru ekki boðin út heldur einfaldlega fallin aðillum úr viðkomandi nefndum í verktöku. Ljóst má einnig vera að fjöldi annarra aðila – svo sem verkfræðisstofur, háskólar og umhverfisráðgjafarfyrirtæki – geta boðið í slík verkefni. Þá ber að leggja á það áherslu að verkefnisstjórnin veiti rannsóknarfrámunum eingöngu til verkefna sem tengjast með beinum hætti því verkefni sem um ræðir. Loks skal hér itrekuð áhersla Samorku á að gætt sé jafnvægis við skipun í faghopa sbr. líð A.

**D. Aftörkun rammaáætlunar**

Samorica telur einsynt að við gerð rammaáætlunar eigi ekki eingöngu að horta til svæða sem þegar hafa verið nefnd sem hugsanlegir nýtingarkostir vegna vatnsafis eda jarðvarma. Allir fræðilega mögulegir kostir hljóta að verða teknir með í slíkri úttekt og teknir með í hvers kyns samanhaldi og einkunnagjöf, líkt og þegar hefur verið gert í jarðhitahóp 2. áfanga, en vandséð er að fræðilegur rökstuðningur við vernaargildi einstakra svæða geti talist annað en jákvætt framlag.

**E. Gögn verkefnastjórnar**

Samorica leggur áherslu á að gögn verkefnisstjórnar og samráðsveitvangur verði hyst hjá aðila, sem allir geti verið sáttir við, eda sé á m.k. ekki kærudólli á þessu sviði.

Þá vill Samorica vekja athygli á því að þar sem verkefnisstjórninni er m.a. fallið að skilgreina og meta áhrif nýtingar vatnsafis og jarðvarma „á hagsmunum allra“ [undir.: Samorka] þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði, þá hljóti að teljast edlilegt að fram fari sams konar mat á áhrifum landnotkunar annarra atvinnugreina á hagsmunum hinna, þar með talið á hagsmunum orku- og veitufyrirtækja.

Loks lýsir Samorka undrun sinni á því hvernig staðið hefur verið að kynningu á starti verkefnisstjórnar. Hvergi hefur komið fram hvert heiti verkefnisstjórnarinnar er skv. skipunarbréfi, þ.e. „verkefnisstjórn til að styra vinnu vegna 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu“ [undir.: Samorka] vatnsafis og jarðvarma. „Eftir mætti af allri kynningu að verkefnisstjórnin dragi nafi sitt af 5. málsgrein skipunarbréfsins, þar sem vísad er til markmiðsins um að skapaðar verði faglegar forsendur fyrir ákvörðun um vernað og nýtingu náttúrusvæða. Samorka vill ekki draga úr mikilvægi þess markmiðs, en kys

að minna á hvert verkefni verkefnisstjórnarinnar er skv. skipunarbréfi, sem að framan er getið. Samorka bendir á að þessi kynning hlýtur að vekja upp spurningar um hvort það sé virkilega markmið rammaáætlunar að vinna nýja náttúruverndaráætlun til hliðar við núverandi náttúruverndaráætlun. Eins má þá spyrja um tengsl rammaáætlunar við skipulagsáætlun og jafnvel við hugsanlega orkuséfnu.

Samorka áskilur sér að sjálfsögðu allan rétt til að koma frekari ábendingum og/eda athugasemdum á framfæri við verkefnisstjórnina á síðari stigum, en að sinni vilja samtökin leggja áherslu á framangreind atriði og óska verkefnisstjórninni velgengni í sínum störfum.

Afrit sent:

- Össuri Skarphéðinssyni, iðnaðarráðherra
- Þórunni Sveinbjarnardóttur, umhverfisráðherra